

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/2067**

2018/EES/33/47

frá 13. nóvember 2017

**um að samþykkja ekki paprikukjarna (kapsantín, kapsórúbín E 160 c) sem grunnefni í samræmi við reglugerð
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Group Peyraud Nature 19. júní 2015 um samþykki fyrir kryddi af tegundinni *Capsicum* spp. sem grunnefni. Umsókninni fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu sína um viðkomandi efni fyrir framkvæmdastjórnina 10. október 2016 ⁽²⁾. Hinn 24. janúar 2017 lagði framkvæmdastjórnin endurskoðunarskýrslu ⁽³⁾ og drög að þessari reglugerð um að samþykkja ekki paprikukjarna (kapsantín, kapsórúbín E 160 c) fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður og lauk við þau fyrir fund nefndarinnar 6. október 2017.
- 3) Við samráðið, sem Matvælaöryggisstofnunin skipulagði, samþykkti umsækjandinn að breyta heiti grunnefnisins í paprikukjarna (kapsantín, kapsórúbín E 160 c).
- 4) Gögnin sem umsækjandinn lagði fram sýna að paprikukjarni (kapsantín, kapsórúbín E 160 c) uppfyllir viðmiðanirnar fyrir matvæli eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 ⁽⁴⁾ og hann er ekki notaður að mestu í þeim tilgangi að verja plöntur.
- 5) Í tæknilegu skýrslunni voru tilgreind sértæk áhyggjuefni Matvælaöryggisstofnunarinnar varðandi váhrif af efnisþættinum kapsaísíni og að váhrifamat fyrir paprikukjarna (kapsantín, kapsórúbín E 160 c) lægi ekki fyrir, einkum með notkun sem varnarefni, og því var ekki hægt að ljúka mati á áhættu fyrir notendur, starfsmenn, vegfarendur og lífverur utan markhóps.
- 6) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi drögin að endurskoðunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.
- 7) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjandinn setti fram var þó ekki hægt að eyða áhyggjuefnunum varðandi efnið.
- 8) Af þessum sökum, eins og mælt er fyrir um í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar, hefur ekki verið sýnt fram á að kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 séu uppfylltar. Því er rétt að samþykkja ekki paprikukjarna (kapsantín, kapsórúbín E 160 c) sem grunnefni.
- 9) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á framlagningu frekari umsókna um samþykki fyrir paprikukjarna (kapsantín, kapsórúbín E 160 c) sem grunnefni í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 295, 14.11.2017, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2018 frá 27. apríl 2018 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) „Technical report on the outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for paprika extract, capsanthin, capsorubin E 160 c (admissibility accepted when named *Capsicum* spp. spice) for use in plant protection as repellent various invertebrates, mammals and birds“ (Tæknileg skýrsla um niðurstöður samráðs við aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu um umsókn vegna grunnefnanna paprikukjarna, kapsantíns, kapsórúbíns E 160 c (tæk til samþykkis undir heitinu krydd af tegundinni *Capsicum* spp.) til notkunar við plöntuvernd sem fæliefni gegn ýmiss konar hryggleysingjum, spendýrum og fuglum). EFSA supporting publication 2016:EN-1096. 54 bls.

(3) <http://ec.europa.eu/food/plant/pesticides/eu-pesticides-database/public/?event=activesubstance.selection&language=EN>

(4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið paprikukjarni (kapsantín, kapsórúbín E 160 c) er ekki samþykkt sem grunnefni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. nóvember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
